

Mættir: Valgerður Jónsdóttir, Jonas Björk, Brynhildur Bjarnadóttir, Heiðdís Fjöla Pétursdóttir, Lilja Rögnvaldsdóttir, Sigurður Eiríksson og Sigurlaug Hanna Leifsdóttir

Handverk:

Minnispunktur fyrir Handverkshátíð:

- Nú þarf að fara að hringja í fólk, raða niður á vaktir og biðja fólk að baka. Stjórn skiptir með sér sveitinni og hringir/heyir í fólk varðandi bakstur og vaktir. Allir þurfa að vera búnir að heyra í „sínu“ fólk fyrir 17. Júlí en þá er stefnt að næsta fundi.
- Ákveðið að halda undirbúningsfund með öllum sem eiga að vinna í veitingasölu (börnum og fullorðnum) miðvikudagskvöldið 7. ágúst. BB sér um að senda auglýsingu í sveitapóst varðandi þetta og að setja inn á heimasíðu uppskriftir af kökum. Jonas sér um að búa til hlekk á heimasíðu sem heitir handverk og þar inn má setja auglýsingu um að það vanti fólk til starfa.
- Finna rétt fólk til að hafa umsjón með krakkavöktum. BB kannar.
- Heiðdís sér um að hafa vestin tilbúin fyrir krakkana.
- Ákveðið að hafa 3 yfirmenn í veitingasölu (Valgerður, Siggi og Heiðdís). Þeir skipa svo yfirmenn yfir ólíkum hlutum veitingasölnnar (ss. grill, kaffi, o.s.frv). Siggi tekur fimmtudagskvöld og föstudag. Heiðdís tekur laugardag. Valgerður tekur sunnudag og mánudag.
- Það þarf einhver á hverri vakt að kunna að gera nótu. Þurfum að hafa annað grill (Lilja reddar öðru grilli) og fleiri grillara.
- Siggi sér um að Dalbjörg kaupi súkkulaði (nissa) og sleikipinna til að selja í veitingasölu.

Frjálsíþróttavöllur – framkvæmdir:

Ákveðið að panta löglegan langstökkspilka og lím til að líma niður motturnar frá SportTæki ehf sbr tilboð sem bærust í þetta. Brynhildur verður í sambandi við Ármann með þessa hluti.

Upplýsingablað UMF Samherja:

Upp kom sú hugmynd að gefa út blað með upplýsingum um starfsemi Samherja um leið og vetrardagskráin verður kynnt. Spurning hvort hægt verði að senda svona út með sveitapósti.

Vetrardagskrá Samherja:

Rætt um vetrardagskrá, hver tengiliður hefur samband við sinn þjálfara og ræðir tímatöflu næsta vetrar. Lagt upp með sömu töflu og í fyrra en skoða þarf töfluna m.t.t. breytinga á skólatíma næsta vetur. Skoða þarf hvort bjóða eigi uppá leikjaskóla og boltatíma fyrir leikskólabörn.